



Má hafa stuðningi við landbúnað á hagkvæmari hátt en gert er?

Sigurður Jóhannesson

26.febrúar 2021





Minnkandi kostnaður- en umtalsverður

- Stuðningur við landbúnað á Íslandi, 30 milljarðar króna á ári, 1% af landsframleiðslu.
 - Um 79% af verðmæti búvöruframleiðslunnar.
 - Um 1/2 frá skattgreiðendum, 1/2 frá neytendum.
 - Var tæp 5% af landsframleiðslu á árunum 1986-1988, 109% af verðmæti búvöruframleiðslunnar.
 - Þá var 61% stuðningsins í formi hárs verðs.



Hvers vegna er landbúnaður studdur?

- Mikilvægt að gera sér grein fyrir markmiðum búverndarstefnunnar, til þess að hægt sé að miða stuðninginn við þau...
 - Hagræði?
 - Kolefnisfótspor?
 - Fæðuöryggi...



Falskt öryggi?

Skiptar skoðanir eru um hvernig fæðuöryggi sé best tryggt eins og fram kom í viðtali á RÚV 3. maí 2020 við Ragnhildi Helgu Jónsdóttur aðjúnkt við Landbúnaðarháskóla Íslands og Daða Má Kristófersson prófessor við Háskóla Íslands (ruv.is, 2020). Í þessu viðtali segir Ragnhildur Helga að mikilvægt sé að hafa matvælaframleiðsluna sem næst neyslunni og að hvert land sé sem næst því að vera sjálfu sér nægt þegar kemur að matvælaframleiðslu því ekki sé hægt að treysta því að alltaf sé hægt að flytja mat jörðina á enda. **Daði Már segir að alþjóðavæðingin hafi í raun lyft fólki upp úr fátækt og aukið fæðuöryggi. Hann segir að það sé gervifæðuöryggi að hafa alla matvælaframleiðslu innanlands því hún sé mjög háð alþjóðlegum viðskiptum og innfluttum aðföngum.**

Rit Landbúnaðarháskólans um fæðuöryggi 2021

Fæðuöryggi á Íslandi, Skýrsla unnin fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ritstj. Erla Sturludóttir og Jóhannes Sveinbjörnsson, bls. 4.





Falskt öryggi, eða hvað?

Ljóst er að veiki hlekkurinn í fæðuöryggi Íslendinga er hversu háð við erum innfluttum matvælum og aðföngum til innlendrar matvælaframleiðslu. Þó núverandi staða sé góð er óvíst um framvinduna ef upp kæmu fordæmalausar aðstæður sem á einhvern hátt hindruðu innflutning og greið viðskipti milli landa.

Fæðuöryggi á Íslandi, 2021, bls. 4.

Skýrsluhöfundar setja fram hugmyndir um að rækta korn hér á landi til þess að draga úr þörf alifuglabúa fyrir innflutt fóður. Þeir viðurkenna þó að viðskipti með matvörur við önnur lönd eru mikilvæg. Minnst er í því sambandi á mikilvægi þess að geta flutt út fisk...





Rökin má nýta gegn öðrum innflutningi

byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum. Innlend framleiðsla styður við markmið um aukið orkuöryggi landsins og gerir samfélagið minna háð innflutningi. Þá er hagur af innlendri starfsemi fólgin í nýrri atvinnustarfsemi og gjaldeyrissparnaði. Til viðbótar við framangreint er þjóðhagslegur ávinningur fólgin í því að spara gjaldeyri með notkun innlendrar orku, sem annars færi í kaup á innfluttu jarðefnaeldsneyti.

Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050. Útg. Stjórnarráð Íslands, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið 2020. Stýrihópur Guðrún Sævarsdóttir, Páll Jensson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Kristinn Hjálmarsson.



Hvernig má tryggja fæðuöryggi?

- Á dögum fyrri heimsstyrjaldar unnu Íslendingar surtarbrand úr námum í Tjörnesi og víðar og opnuðu gamlar mógrafir
 - En áttu þeir að halda því áfram eftir stríð, til þess að vera viðbúnir?
 - Viðbragðsáætlanir, birgðahald?
 - Landið er umflotið matarkistu...



En hvers vegna þá?

- Margir þéttbýlisbúar vilja halda í byggð í sveitum, gamla atvinnuvegi og menningu...
 - Landbúnaðarlandslag, fjölskyldubú...
 - Þetta gæti réttlætt stuðning við búskap með kúr, sauðfé og geitur, e.t.v. grænmeti...
 - En núverandi stefna hefur ýmsar aðrar afleiðingar...



Stuðningur stjórnvalda við landbúnað

	Tollvernd	Úr ríkissjóði	Samtals, % af verði
Egg	72%	0	72%
Kindakjöt	0	47%	47%
Kjúklingar	77%	0	77%
Svínakjöt	51%	0	51%
Nautakjöt	16%	19%	36%
Mjólkurvörur	29%	33%	62%

OECD, Agricultural Policy and Evaluation 2020.

Verksmiðjuframleiðsla á eggjum, kjúklingum og svínakjöti þrífst í skjóli tolla...
...sem eiga sennilega fyrst og fremst að vernda búskap með sauðfé og nautgripi.




Tollar styðja við framleiðslu og draga úr neyslu

Tollar verða til þess að verð til neytenda hækkar.

Tvenns konar breyting:

*Meira framleitt af búvörum heima.

*Minna neytt af búvörum.





Tollar breyta framleiðslu og neyslu...

Áhrif tolla:

Framleiðsla eykst, neysla minnkar


Ábati framleiðenda eykst um B.

Ábati neytenda minnkar um B+C+D

Innflutningur er enginn og tolltekjur 0.

Allratap af tollum: C+D


Þarna lýsir C óhagkvæmni í framleiðslu vegna tolla og D óhagkvæmni í neyslu.





Stuðningi breytt í greiðslur úr

Þegar stuðningurinn breytist allur í greiðslur úr ríkissjóði raskast aðeins framleiðsla þess sem ætlunin er að styðja, en neysla haggast ekki.






Stuðningur í stað tolla

Útgjöld ríkisins aukast sem nemur ferhyrningnum A+B.

Tekjur bænda aukast um A+B, en kostnaður þeirra eykst um B. Allratap er B. Ekkert allratap vegna neyslu – og ekki stutt við verksmiðjubúskap.

Vandinn er að ríkið þarf að standa undir tekjunum – skattlagning leiðir oftast til óhagræðis.






Lækkar verð þegar tollar lækka?

- „Bændasamtök Íslands og Landsamband kúabænda gagnrýna að skýrsluhöfundar gefi sér að eftirgjöf í tollum á landbúnaðarafurðum skili sér í lægra verði til neytenda. Nýleg dæmi þar sem hið opinbera hefur lækkað álögur á vöruflokkum sýna að það er ekki gefið að verð á þeim út úr búð lækki samsvarandi. Þvert á móti kemur fram í nýlegum verðlagskönnunum ASÍ að verð á þessum vöruflokkum hækkaði eða stóð í stað eftir að dregið var úr álögum.“
 - Úr umsögn um skýrslu Hagfræðistofnunar um mjólkurframleiðslu á Íslandi 2015.



Reynsla af stuðningi við grænmetisbændur

Verð á tómtum (miðað við neysluverðsvísitölu 2001) lækkaði sem svaraði tollalækkun þegar hætt var að heimta tolla af innflutningi og ígildi tollverndar var breytt í styrki.





Mikilvægt að greina markmið...

- Meðölin sem beitt er verða að ráðast af markmiðunum.
 - Reynum að forðast áhrif á annað, til dæmis neyslu á búvörum, framleiðslu annars en við viljum styrkja...
- Fyrst eftir að markmið með búvernd liggja fyrir er hægt að breyta stuðningskerfinu til batnaðar...



Reynsla af stuðningi við grænmetisbændur..

- Og hér hefur ekki verið horft á kvik áhrif breytingar á grænmetismarkaði.
 - Íslenskir framleiðendur á gúrkum, papriku og tómötum þurftu í fyrsta skipti að kljást við samkeppni að utan.
 - Fyrstu árin voru erfið, en eftir að bændur höfðu brugðist við með hagræðingu og markaðsetningu batnaði staðan.